

Mánudaginn 4. júní 1951.

Nr. 112/1950. **Ólína Steindórsdóttir** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Kristínu Ingvarsdóttur (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Kaupmáli milli hjóna talinn gildur. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. sept. f. á. og gerir þessar dómkröfur: *Aðallega* að kaupmáli sá, sem hjónin Steindór heitinn Þorsteinsson og Kristín Ingvarsdóttir gerðu hinn 23. des. 1948, verði dæmdur ógildur, en til vara, að kaupmálinn verði dæmdur ógildur, að því er tekur til húseignarinnar nr. 10 við Egilsgötu í Reykjavík. Þá krefst áfrýjandi og þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Pau Steindór heitinn Þorsteinsson og Kristín gengu í hjónaband 1942. Allmörgum árum áður en Steindór heitinn eiginkvæntist, eignaðist hann dóttur sína Ólínu, sem er áfrýjandi máls þessa. Pau Steindór heitinn og Kristín eru talin hafa átt börn, sem eru önduð. Hinn 1. júlí 1948 lagðist Steindór heitinn á Landsspítalann til læknisæðgerðar vegna innanmeins. Meinið var kannað þar með uppskurði. Niðurstaða lækna varð sú, að Steindór gengi með ólæknandi krabbamein í maga og að frekari skurðaðgerð myndi ekki bera árangur. Læknar leyndu Steindór þá og síðar vitneskju um eðli meinsins. Lá hann á spítalanum frá 1. til 21. júlí 1948. Er svo að sjá sem hann hafi hresst nokkuð. Hann komst á fætur, fór heim til sín og hafði fótavist, að því er virðist, fram til mánaðarmótanna janúar og febrúar 1949. Hinn 26. febrúar var hann fluttur á Landsspítalann og lá þar, unz hann andaðist hinn 10. marz 1949.

Hinn 23. desember 1948 gerðu þau hjónin Steindór heitinn Þorsteinsson og Kristín Ingvarsdóttir kaupmála. Með honum var húseignin nr. 10 við Egilsgötu, sem er kr. 29.000.00 að fasteignamati, gerð að séreign konunnar, en hún tók að sér að greiða veðskuldir þær, kr. 11.157.77, sem á húseigninni hvíldu. Þá var og gert að séreign konunnar tilgreind bifreið, sem metin var á kr. 10.000.00, verðbréf, að fjárhæð kr. 30.000.00, svo og allir innanstokksmunir og búsáhöld, sem þau hjónin áttu og metin voru á kr. 8.000.00. Kaupmálinn var skrásettur í kaupmálabók daginn eftir, hinn 24. desember 1948.

Í 30. gr. laga nr. 20/1923 er svo mælt, að hjónum sé heimilt að gefa hvort öðru gjafir, enda sé um þær gerður kaupmáli. Samkvæmt 38. gr. laganna er kaupmáli gildur, er hann hefur verið skráður í kaupmálabók. Í 33. gr. laganna eru reglur, er tryggja rétt lánardrottna gefandans, en á rétt erfingja minnst lögin ekki í þessu sambandi. Samkvæmt gögnum málsins gerði Steindór heitinn Þorsteinsson kaupmálann fullveðja, með rétttri rænu og vitandi vits um gildi hans. Kaupmálinn var gerður, meira en mánuði áður en Steindór lagðist banaleguna og meira en tveimur mánuðum áður en hann andaðist. Kaupmálinn hafði að geyma afdráttarlaust og samtundis framkvæmt eignaafsal til konunnar og var þegar algerlega bindandi fyrir Steindór heitinn í skiptum hans við konu sína, hvernig svo sem ráðizt hefði um hjúskap þeirra. Í 25. gr. erfðatilskipunar frá 25. sept. 1850, sbr. 32. gr. núgildandi erfðalaga nr. 42/1949, segir, að reglurnar um erfðaskrár skuli einnig gilda um þess konar gjafabréf, „sem ekki er ætlazt til, að gildi *fyrir en að gjafaranum dauðum*,“ þó með þeim breytingum, sem leiða af því, að gjafabréfið er nokkurs konar samningur. Þetta ákvæði tekur hvorki eftir orðum sínum né ástæðum til kaupmála Steindórs heitins Þorsteinssonar og konu hans, sem tók gildi, er hann var skráður í kaupmálabókina samkvæmt 38. gr. laga nr. 20/1923. Kaupmálinn var þannig gildur samkvæmt 30. gr. síðastnefndra laga og þeirri almennu reglu íslenzks réttar, að fullveðja mönnum er rétt og heimilt að ráðstafa í lifanda lífi, þannig að bindandi sé, eigum sínum, sem engin sérstök bönd hvíla á, og það getur ekki, eins og á stóð, ráðið úrslitum í málinu, hvaða

hugmyndir Steindór heitinn kann að hafa haft um innanmein sitt, en um það er ekki fyrir hendi vitneskja. Það brestur algerlega réttarheimild til að ónýta þá ráðstöfun, sem Steindór heitinn gerði á eignum sínum með kaupmálanum hinn 23. og 24. desember 1948, og verða kröfur áfrýjanda í málinu því ekki teknar til greina. Ber að staðfesta dómsorð héraðsdómsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Steindór Þorsteinsson, eiginmaður stefndu, lagðist á Landsspítalann hinn 1. júlí 1948 og var skorinn upp hinn 9. s. m. vegna krabbameins í maga. Leiddi uppskurðurinn ekki til neinnar lækningar, þar sem ekki var unnt að nema burt meinið. Steindór fór aftur af Landsspítalanum heim til sín hinn 21. júlí 1948 og virðist hafa haft fótavist fram yfir næstu áramót, en verið frá verki að mestu eða öllu leyti. Einnhverntíma í janúar, að því er virðist, lagðist hann aftur í rúmið, og hinn 17. janúar sótti heimilislæknir hans, dr. Jóhannes Björnsson, um sjúkrahúsvist á Landsspítalanum fyrir hann af nýju. Í umsókninni kveður læknirinn Steindór tæplega munu eiga eftir nema 1—2 vikur ólifað. Það dróst þó, að Steindór færi á spítalann, þangað til 26. febrúar, og þar andaðist hann 10. marz 1949. Var banamein hans samkvæmt skýrslu heimilislæknis hans krabbamein og afleiðingar þess.

Þau Steindór Þorsteinsson og stefnda gengu að eigast árið 1942. Þau áttu ekki börn á lífi saman, en áfrýjandi er dóttir Steindórs, fædd áður en hann kvæntist stefndu, og er ágreiningslaust í málinu, að hún hafi erfðarétt eftir hann.

Steindór og stefnda höfðu haft með sér algert félagsbú, þar til þau hinn 23. des. 1948 gerðu sín á milli kaupmála þann, sem mál þetta er risið af. Með kaupmálanum er gerð að sér-eign stefndu húseignin Egilsgata 10, innanstokksmunir allir

og búsáhöld, bifreið og verðbréf, að fjárhæð kr. 30.000.00. Voru þetta allar eigur hjónanna að undanskilinni rúmlega 26.000.00 króna innstæðu í banka. Eignir þær, sem þannig voru gerðar að séreign stefndu, hafði hún ekki komið með í búið né þær með öðrum hætti orðið hjúskapareign hennar, eftir því sem lýst var í málflutningnum.

Samtímis framangreindum kaupmála gerðu hjónin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, dags. 23. des. 1948. Samkvæmt henni skyldi Steindór erfa allar eftirlátnar eignir stefndu, ef hún andaðist fyrr, en stefnda, ef hún lifði lengur, erfa $\frac{1}{4}$ af eftirlátnum eignum Steindórs auk lögarfs.

Eins og að framan greinir, hafði það komið í ljós, 5—6 mánuðum áður en kaupmálinn var gerður, að Steindór var haldinn ólæknandi krabbameini. Ljóst er, að eftir það hefur sjúkdómur hans verið að ágerast, enda sýnir fyrrgreind umsókn heimilislæknis hans frá 17. janúar 1949, hversu langt hann hefur þá verið leiddur. Verður ekki ætlað, að hann hafi gengið dulinn þessa ástands síns, þó að læknar kveðist ekki hafa skýrt honum frá því berum orðum. Þegar hér við bætist, að engin sennileg skýring hefur komið fram á því, að næstum allar eignir hjónanna eru gerðar að séreign stefndu, önnur en sú, að Steindór hafi með gerningi þessum ætlað að tryggja henni allan arf eftir sig að heita mátti, þá verður að telja, að hér hafi verið um dánarráðstöfun að ræða, sem falli undir ákvæði 25. gr. erfðatilsk. frá 25. sept. 1850, er þá var í gildi, sbr. nú 32. gr. laga nr. 42/1949. Þar sem áfrýjandi er skyldu-erfingi Steindórs Þorsteinssonar, verður að meta ráðstöfun þessa ógilda gagnvart henni og taka til greina kröfu um riftun kaupmálans.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Samkvæmt framanrituðu teljum við, að dómsorð eigi að hljóða svo:

Framangreindur kaupmáli hjónanna Steindórs Þorsteinssonar og stefndu, Kristínar Ingvarsdóttur, dags. 23. des. 1948, á að vera ógildur gagnvart áfrýjanda, Ólínu Steindórsdóttur,

að því er varðar tilkall hennar til arfs eftir föður sinn, Steindór Þorsteinsson.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Ólína Steindórsdóttir, Grettisgötu 31 A hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. september 1949, gegn Kristínu Ingvarsdóttur, Egilsgötu 10 hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær kröfur *adallega*, að kaupmála stefnda og eiginmanns hennar, Steindórs Þorsteinssonar, sem nú er látinn, verði rift, en til vara krefst hún, að kaupmálanum verði rift, að því er varðar ákvæði hans um húseignina nr. 10 við Egilsgötu hér í bæ. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Hinn 10. marz 1949 lézt í Landsspítalanum hér í bænum Steindór bygg-ingameistari Þorsteinsson. Banamein hans var krabbamein í maga og afleiðingar þess. Hafði hann verið skorinn upp vegna sjúkdóms þessa í Landsspítalanum í júlímánuði 1948. Við uppskurðinn kom í ljós, að tilraun til lækningar með skurðaðgerð mundi þýðingarlausa. Fór því engin slík aðgerð fram. Síðari hluta júlímánaðar kom Steindór heitinn aftur heim af sjúkrahúsinu. Virðist hann hafa haft fótavist fram til mánaðamóta janúar og febrúar 1949, er hann lagðist banaleguna. Hinn 26. febrúar 1949 var hann fluttur í Landsspítalann af nýju, og þar andaðist hann, sem áður greinir, 10. næsta mánaðar.

Uppskrift skiptaréttar á dánarbúi Steindórs heitins hófst 12. maí 1949. Erfingjar hans að lögum eru ekkja, stefndi í máli þessu, og dóttir, sem ekki er af hjónabandi þeirra, stefnandi málsins. Við uppskriftina var af hálfu stefnda lagður fram kaupmáli hennar og arfláta, gerður 23. desember 1948 og skráður í kaupmálabók Reykjavíkur 24. sama mánaðar. Með kaupmála þessum var húseignin nr. 10 við Egilsgötu, að fasteignamati kr. 29.000.00, bifreiðin R. 4178, talin 10.000.00 króna virði, verðbréf, að fjárhæð kr. 30.000.00, og húsmunir, sem taldir voru 8.000.00 króna virði, gert að séreign stefnda. Jafnframt tók stefndi að sér að greiða veðskuldir, að fjárhæð kr. 11.157.77, sem hvíldu á húseigninni. Við uppskriftargerð á búinu hafa komið fram auk eigna þeirra, sem í kaupmálanum greinir, bankainnstæður, sem arfláti átti, samtals að fjárhæð kr. 26.607.57. Sama dag, sem kaupmálinn var gerður, gerðu aðiljar hans sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá. Var Steindór heitinn þar arfleiddur að öllum eignum stefnda, en hún að $\frac{1}{4}$ hluta af eignum hans umfram lögarf hennar. Erfðaskráin var undirrituð í viðurvist notarii publicii hér í bæ 24. des. 1948. Á skiptafundi í dánarbúi Steindórs heitins Þorsteinssonar 24. maí

1949 óskaði umboðsmaður stefnanda að höfða mál til riftunar kaupmálanum. Veitti skiptaráðandi samþykki til þeirrar málssóknar búinu að kostnaðarlausu, og hefur mál þetta því verið höfðað.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að kaupmálinn feli í sér raunverulega dánargjöf og muni gerður í þeim tilgangi að rýra erfðahlut hennar eftir föður sinn, enda hljóti það að hafa verið vitanlegt aðiljum að kaupmálanum, þegar hann var gerður, að Steindór heitinn ætti þá skammt ólifað. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að ákvæði N.L. 5.—4.—3. muni vera hér gildandi lög, en samkvæmt þeim gildi kaupmáli eigi gagnvart lögerfingjum þess, sem hefur gert hann, ef hann rýri erfðarétt þeirra. Loks hefur stefnandi bent á, að samkvæmt skýrslu stefnda hafi það m. a. verið tilgangur Steindórs heitins með kaupmálanum að koma húseigninni yfir á nafn stefnda til að eiga hægra með að fá byggingarleyfi fyrir nýju húsi. Tilgangur hans með kaupmálanum hafi því ekki verið sá að auka séreign stefnda og því væri óeðlilegt, að slíkur kaupmáli yrði til að rýra erfðahluta lögerfingja hans.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að kaupmálinn sé fullgild ráðstöfun. Hann hafi verið gerður, án þess að aðiljum væri vitanlegt, að Steindór ætti skammt ólifað, en jafnvel þótt þeim hefði verið það kunnugt á þessum tíma, hefði að lögum ekkert verið því til fyrirstöðu, að þau gerðu gildan kaupmála um eignir sínar, sem bindandi væri fyrir lögerfingja þeirra. Einnig hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að með kaupmálanum hafi ekkert af búshelmingi mannsins verið gert að séreign hennar.

Álitamál er, hvort N.L. 5.—4.—3. hafi tekið lagagildi hér á landi, þótt því ákvæði muni hafa verið fylgt fyrr á öldum. En þótt svo yrði litið á, að umrætt ákvæði hefði öðlazzt hér lagagildi, verður það þó eigi talið gilda eftir lögtöku laga nr. 3 frá 1900, sbr. 3. gr. þeirra laga.

Stefndi og Steiþþór heitinn Þorsteinsson gengu í hjónaband á árinu 1942. Fór því um fjármál þeirra samkvæmt ákvæðum laga nr. 20 frá 1923. Samkvæmt V. kafla þeirra laga var þeim heimilt með þeim takmörkunum, sem þar greinir, að ráðstafa eigum sín á milli með kaupmála, svo bindandi væri fyrir lögerfingja þeirra, án þess að þurfa samþykki stjórnvalda eða annarra aðilja. Umræddur kaupmáli var gerður um 2½ mánuði fyrir andlát Steindórs heitins Þorsteinssonar. Læknar vissu, að hann hlaut að eiga skammt eftir ólifað, hins vegar er óvíst, hvort aðiljum sjálfum var þetta þá ljóst. Þegar þessa er gætt, verða eigi talin næg rök hníga að því, að kaupmálinn hafi verið gerður í því skyni að komast hjá ákvæðum erfðalaga um skiptingu á eignum Steindórs heitins eftir lát hans, til að rétt þyki að rifta hann af þeim ástæðum. Stefndi hefur látið svo um mælt, að það kunni að hafa verið ástæða fyrir því, að Steindór heitinn gerði kaupmála við hana, að hann hafi haldið, að sér gengi betur að fá leyfi yfirvalda til að byggja annað hús, ef þetta hús væri ekki á hans eigin nafni. Þessi málsástæða er ósönnuð, og leiðir þegar af því, að ógilding kaupmálans eða hluta af honum verður ekki á henni byggð. Kröfur

stefnanda verða því samkvæmt framansögðu ekki teknar til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristín Ingvarsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólínu Steindórsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 4. júní 1951.

Nr. 28/1951. **Dánar- og félagsbú Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Idu Pétursdóttur, Sólveigu Pétursdóttur Sandholt og Vilhjálmi Péturssyni Bjarnarson og gagnsök (Magnús Thorlacius).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson, hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um erfðarétt óskilgetinna barna. Gagnkvæm erfðaskrá hjóna felld úr gildi að nokkru leyti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz þ. á. og gerir þær dómkröfur *aðallega*, að arfleiðsluskrá Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson frá 22. apríl 1918 verði metin gild, en *til vara*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí þ.